

Af marxisma

Antonio Negri. „Kommúnismi: fáeinar hugleiðingar um hugtakið og notkun þess.“ Í *Af marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, þýð. Hjalti Snær Ægisson, bls. 307-319. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

Antonio Negri

Kommúnismi: fáeinar hugleiðingar um hugtakið og notkun þess

Sú fullyrðing að mannkynssagan sé saga stéttabaráttu er grundvöllur sögulegrar efnishyggju. Þeir sem aðhyllast sögulega efnishyggju rannsaka stéttabaráttu einkum með því að gagnrýna hið pólitíska efnahagskerfi. Þessi gagnrýni leiðir til þeirrar niðurstöðu að saga stéttabaráttu hafi *merkingu*, sem er kommúnisminn: „sú raunverulega hreyfing sem afnemur ríkjandi ástand“.¹ Málið snýst um að tilheyra þessari hreyfingu. Margir andmæla þessum fullyrðingum og telja að þær tjái söguspekileg viðhorf. Mér þykir hins vegar mikilvægt að rugla ekki hinum pólitíska þætti gagnrýninnar saman við markmið (*telos*) sögunnar. Sagan kennir okkur að framleiðsluöflin skapa yfirleitt hin félagslegu tengsl og þær stofnanir sem afmarka þessi tengsl og stýra þeim: þetta virðist augljóst, líkt og álykta má af allri sögulegri nauðhyggju. Hvers vegna skyldum við halda að hugmyndin um að kollvarpa þessu ástandi og frelsa framleiðsluöflin frá hinum kapítalísku framleiðsluafstæðum (líkt og stéttabaráttu í verki kveður á um) sé ekkert nema söguleg tálshín, pólitískir draumórar eða frumspökilegt bull? Við skulum reyna að sýna fram á hið gagnstæða.

1) Kommúnistar gera ráð fyrir því að mannkynssaga sé alltaf saga stéttabaráttu. Sumir telja að það sé ómögulegt að koma þessari hugmynd í framkvæmd, því sagan sé nú svo forákvörðuð, og henni stýrt svo rækilega af auðmagninu að slíkar hugmyndir séu tilgangslausar og óraunhæfar. En þeir sem segja þetta gleyma því að auðmagn

1 [Tilvitnunina er að finna í *Þýsku hugmyndafræðinni* (þýð. Gestur Guðmundsson), Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 34. *Ritotj.*]

felur alltaf í sér *valdatengsl*. Það getur skapað fullt og óskorað *forræði*,² en þetta forræði er alltaf einstakur strengur í stærra valdakerfi. Hugtakið auðmagn væri ekki til, og því síður hin ýmsu sögulegu afbrigði þess, ef ekki væri fyrir verkalyðinn sem auðvaldið hagnast á, en sem er um leið hið lifandi vinnuafli sem framleiðir auðmagnið. Stéttabaráttan er birtingarmynd valdatengslanna á milli yfirmanns og verkamanns: sambandið þarna á milli felur í sér arðrán og kapítalísk yfirráð, það grundvallast á stofnunum sem kerfisbinda gróðrann og stýra dreifingu hans.

Sumt fólk telur að ekki sé mögulegt að rekja söguna aftur til stéttabaráttu með einföldum hætti og ályktar þar með að til sé svokallað „notagildi“. Það er skilgreint sem virði líkamlegrar vinnu eða virði náttúru og kringumstæðna vinnunnar. En þessi ályktun er ekki bara tilfinnanlega ófullnægjandi sem skýringartilgáta á þróun kapítalismans, heldur líka beinlínis röng sem lýsing á núverandi ástandi hans. Auðvaldið hefur í raun sigrað og umvafið allan lífheiminn, forræði þess er hnattrænt. Nú er ekkert pláss eftir lengur fyrir *narodníka*.³ Það er í þessum raunveruleika, og ekki við aðrar aðstæður, sem stéttabaráttan á sér stað: stéttatengsl grundvallast nú á þessum sögulegu skilyrðum (*söguleg nauðhyggja*) og hinni nýju *framleiðdu sjálfsveru* (jafnt hjá yfirmanni og verkamanni). Hér er vert að leggja áherslu á það, umfram allt annað, að það er ekkert „utan við“ þetta samhengi, og að baráttan (ekki eingöngu baráttan sjálf heldur summa allra þeirra þegna sem heyja baráttuna) er nú að öllu leyti „innan í“, og því eru nú hvorki til neinar leifar né nokkurt endurvarp „notagildis“. Við erum fullkomlega umlukin heimi „skiptagildisins“, í öllum sínum grimma og harðneskjulega veruleika.

Söguleg efnishyggja getur útskýrt fyrir okkur hvernig og hvers vegna skiptagildið er svo miðlægt í stéttabaráttunni: „Í borgaralegu samfélagi á verkamaðurinn sér ekki lengur neina hlutlæga tilveru, hann er bara til sem þegn [í samhengi við auðvaldið]; en það sem stendur gegn honum [summa skiptagildisins] er nú orðið að hinu raunverulega samfélagi [*das wahre Gemeinwesen*]“, eins og Marx orðar

2 [Forræði er þýðing á hugtakinu *egemonia* (it.) eða *hegemony* (e.) sem runnið er undan rifjum Antonios Gramsci. *Ritstj.*]

3 [*Narodnikar* voru umbótasinnaðir rússneskir menntamenn á seinni hluta 19. aldar sem hugðust upplýsa alþýðu og sveitafólk og um leið gera hana róttæka. *Ritstj.*]

það. Hér reynir verkalýðurinn að „eigna sér þetta *Gemeinwesen*, en í staðinn gleypir það hann“.⁴ Þetta eru orð að sönnu, en það er með þessu eignarnámi – því hvernig kapítalistarirnir leggja undir sig verkalýðinn – sem auðmagnið birtist okkur endanlega í formi tengsla. Kommúnisminn byrjar að mótast þegar verkalýðurinn setur sér það markmið að endurheimta þetta *Gemeinwesen* og umbreyta því í þágu nýrrar samfélagsgerðar.

Skiptagildið er þess vegna afar mikilvægt fyrirbæri. Það er hinn sameiginlegi, félagslegi veruleiki, hannaður og styrktur með þeim hætti að hann verður ekki eingöngu rakinn til flæðis vinnuafis, peninga eða jafnvel auðvaldsins sjálfs. Það er gildisauki sem er umbreytt í hagnað, uppsafnaðan hagnað, rentu af landi og fasteignum, fastur tekjustofn, uppsafnaðar auðlindir, framleiðslutæki og -búnaður, jafnt hér á jörðinni sem úti í geimnum, samskiptanet ... og svo, síðast en ekki síst, peningar, þetta stóra, sameiginlega viðmið: „Peningarnir sjálfir eru samfélagið (*Gemeinwesen*), og þeir geta ekki verið undirskipaðir neinu öðru afli“.⁵ Þetta er hin sögulega skilyrðing. Skiptagildið hefur með öðrum orðum sameiginlegt og altækt form. *Gemeinwesen*. Það er hér. Það er heimurinn. Það er ekkert annað til, það er ekkert utan við það.

Hugleiðum til dæmis fjármálaheiminn: Hver getur ímyndað sér að hægt sé að komast af án peninga í formi tekjulinda? Peningar eru nú orðnir hinn sameiginlegi grundvöllur allra, þeir eru komnir í stað þess sem áður var nefnt *Heimat* [heimaland], summa allrar siðmenningar við endalok „gotneska tímabilsins“, þegar eignir voru skipulagðar út frá almenningi [*commons*]. Nú er þessi sami almenn-ingur og þetta heimaland orðið að skiptagildi í höndum kapítalista. Ef við viljum endurheimta þetta svæði þurfum við að taka við því í þeirri mynd sem það er nú, á hátindi hins kapítalíska eignarnáms, mengað af skiptagildinu; við höfum glatað öllu færi á að höndla það í sínu hreina og saklausa formi.

Spinoza segir okkur frá hinu gyðinglega frelsisári þegar allar skuldir manna voru þurrkaðar út og jöfnuði var komið á með öllum;⁶ Machiavelli krafðist þess að „bændalög“ skyldu sett til að endurreisa

4 Karl Marx, *Grundriise* (ensk þýð. Martin Niclus), New York: Vintage, 1973, bls. 496.

5 Marx, *Grundriise*, bls. 223.

6 Benedict de Spinoza, *A Theologico-Political Treatise*, kafli XVII.

rómverska lýðveldið vegna þess að með því að færa plebeiumum landið aftur væri hægt að endurnýja hið lýðræðislega ferli. Með þessu héldu þeir í blekkinguna um afturhvarf til náttúrunnar og lýðræðisins. Nú er okkur hins vegar umhugað um að stefna að því að frelsa vinnuaflið, og þar sem við erum kommúnistar þurfum við að endurheimta þann sameiginlega veruleika sem er ekki lengur til í sínu upprunalega ástandi og ekki lengur æskilegur fyrir lýðræðið, heldur eitthvað sem við höfum endurskapað með ótakmörkuðu erfiði og er þó afl sem er andsnúið okkur.

En látum þó ekki hugfallast. Eins og Gramsci kenndi okkur í fyrirlestri sínum um stéttabaráttu fæst söguleg efnishyggja við ólíkar upplifanir verkalýðsins af því að nota tæknina og það hvernig kapítalisminn kerfisbundur samfélagið. Þannig stefnir hún að því marki að skilgreina hin sífelldu hamskipti, eða öllu heldur sjálfan persónuleika verkamannsins. Með þessu komum við að nýju álitæfni. Hér erum við nefnilega að fást við þau réttu og sléttu *hamskipti* sem verkamaðurinn kallar fram á auðmagninu, um leið og hann breytir sjálfum sér með því að heyja baráttuna. Ef um er að ræða lengri eða skemmri tímáskeið stéttabaráttu má segja að hin verufræðilega festa þeirra sé miðuð við þennan mannfræðilega grunn. Það er því ekkert eðli til, engin sjálfsemd,⁷ hvorki kyn né kynþáttur, sem getur verið undanþegið þessum breytingum, þessum sögulegu hamskiptum sem eru afleiðing sambandsins milli auðmagnsins og verkamannanna. Mergðin er mótuð og endurskilgreind í sífellu með þessu hreyfiafli.

Þetta á einnig við um það hvernig tíminn er skilgreindur í stéttabaráttunni. Þegar stéttabaráttan birtist okkur sem framleiðsla og umbreyting sjálfsveru einkennist byltingarferlið af löngum tímafresti, verufræðilegri uppsöfnun mótstöðuafls, „bjartsýninni“ sem fylgir kraftinum í „skynsemi“ verkamannsins – þetta er viljinn sem verður að samstöðu, líkt og Spinoza kvað á um, þetta er sú ást sem er ávallt rökræn (og sömuleiðis „svartsýni viljans“: „Varúð!“ sagði Spinoza, um það þegar tilfinningarnar eru beislaðar til að skapa pólitískar frelsis-formgerðir). Við eigum þannig ekki að sveiflast eftir tilviljanakenndum uppreisnum, þessum guðdómlegu vonarneistum sem geta teiknað ljósrákir í nóttina. Við eigum frekar að aðhyllast átakið og hin skipulögðu vinnubrögð, hið stöðuga gagnrýnisafli og hina úthugsuðu uppreisnarmöguleika. Heimspekilegt ímyndunarafl

7 [„Sjálfsemd“ er hér þýðing á *identità*. *Ritstj.*]

getur auðgað raunveruleikann en það kemur ekki í staðinn fyrir átakið sem fylgir því að skapa söguna: atburðurinn er alltaf niðurstaða en ekki upphaf.

2) Að vera kommúnisti þýðir að vera á móti ríkisvaldinu. Ríkisvaldið er aflið sem kerfisbundur alla hluti, með hætti sem er alltaf venjulegur en um leið afbrigðilegur. Það býr yfir tengslunum sem stofnanavæða auðmagnið og temja átökin sem eiga sér stað á milli kapítalistanna og verkalýðsins. Þessi mótstaða gegn ríkisvaldinu beinist gegn öllum birtingarmyndum þess hvernig *einkaeignin* er skipulögð og *einkayfirráðum* framleiðslutækjanna; hún beinist líka gegn einkanýtingu vinnuaflsins og *einkastjórnun* fjármagnsflæðis. Enn fremur beinist hún gegn opinberum og *þjóðernislegum* eða öllu heldur *ríkisvæddum* formum þess hvernig þessi firring vinnuaflsins kemur fram.

Að vera kommúnisti er með öðrum orðum að viðurkenna að hið opinbera byggir á firringu og því að misnota vinnuafli í gróðaskyni – *sameiginlegt* vinnuafli, í þessu tilviki. En hvað er hið opinbera? Hinn mikli Rousseau orðaði það þannig að það sé andstæða einkaeignarréttarins, það er allt það sem „tilheyrir engum“. En það er auðvitað útúrsnúningur að eigna ríkinu það sem tilheyrir öllum. Ríkisvaldið segir við okkur: Hið sameiginlega tilheyrir ykkur ekki, jafnvel þótt þið hafið búið það til, jafnvel þótt þið hafið framleitt það í sameiningu og fundið það upp og skilgreint það sem sameiginlegt. Ríkisvaldið lætur hið sameiginlega af hendi, það losar okkur öll frá því sem við höfum framleitt og tilheyrir okkur, og þetta er kallað rekstur, stjórnun, valdaframsal og umboð ... þetta er hin ósættanlega fegurð hins opinbera verklags.

Þess vegna er kommúnisminn óvinur sósíalísmans, því sósíalísminn er hið hefðbundna form þessarar firringar vinnuaflsins, en hann krefst þess einnig að sjálfsveruframleiðsla verkalýðsins sé afbökud. Afskræming „hins sanna sósíalísmá“ hefur gert heila öld af stétta-baráttu að engu og bægt burt öllum ímyndunum söguspekinnar. Það er jafnframt áhugavert að benda á hvernig „hinn sanni sósíalísmi“ hefur, þrátt fyrir umfangsmikla þjóðnýtingarstarfsemi, aldrei efast um að sýna valdinu hollustu, hvort sem það er lagalegt vald, pólitískt vald eða vald á sviði hugvísindanna. Stofnanir sósíalísmans og sá pólitíski kloffingur sem hann ber með sér eru afleiðing hugmyndafræði sem gerði hið einkalega og hið opinbera að handahófskennd-

um andstæðum, en í raun skarast þessir þættir, líkt og Rousseau benti á. Sósíalistar blessuðu líka valdastétt sem beitti sambærilegum yfirráðum og kapítalíska elítan ... og þó dirfðust þeir að kalla sjálfa sig „framvarðarsveit“!

Að vera á móti ríkisvaldinu merkir þannig umfram allt að tjá vilja sinn og mátt til að stjórna öllu framleiðslukerfinu með róttækum, lýðræðislegum hætti – stefna að „lýðræði fyrir alla“ – hvort heldur sem er varðandi skiptingu vinnuafls eða söfnun og endurúthlutun verðmæta.

Af þessum sökum er nú þess virði að reyna nýjar skilgreiningarleiðir. Söguleg efnishyggja er líka „íverukenning sjálfsverunnar“. Hún fullyrðir með öðrum orðum ekki bara að það sé ekki til neitt „utan við“ heiminn sem við búum í, heldur líka að „innan úr“ þessum heimi upplifi verkamenn, borgarar og allir þegnar sjálfa sig alltaf sem hluta af sérstakri uppreisn og sem þátttakendur í að móta ný, sameiginleg lífsskilyrði. Svona er þetta alltaf – jafnvel þegar við erum að kafna úr sögulegri lognmollu í sinni þungbærustu og leiðinlegustu mynd. Stökin⁸ sem mergðin er mynduð úr („mergðin“ er stéttahugtak) – þessi stök eru í rauninni alltaf mótstöðueiningar í tengslum við þá undirokun sem auðmagnið hefur í för með sér.⁹ Hinn staki hlýðir því hann neyðist til þess, hann getur ekki annað, en hann er þó alltaf hluti af valdatengslunum sem mótstöðuafli. Það er alltaf mögulegt að rjúfa þessi tengsl, rétt eins og það er mögulegt að viðhalda þeim. Það er því hér, utan við alla söguspeki, og á forsendum þessarar sameiginlegu fyrirbærafræði, sem við skynjum hversu miðlæg og mikilvæg vanþóknunin á valdinu er, á skipan þess og misbeitingu, sem og höfnun launavinnu (og/eða vanþóknun á vinnu sem miðar að því að endurnýja hið kapítalíska samfélag). Hún er mikilvæg til að stuðla að nýrri samfélagsgerð og hún gefur fyrirheit um annað skipulag og önnur lífsviðhorf. Þessi vanþóknun byggist á eðlisþáttum sem stefna að rofi. Þetta rof getur átt sér stað, því það er ávallt mögulegt og getur hér orðið raunverulegt, eða öllu heldur nauðsynlegt (ég kem að einkennum þessa rofs á eftir). Bylting getur átt sér stað.

Þessari áherslu á vanþóknun, höfnun og andóf þarf að vera

8 [„Stak“ er tilraun til þýðingar á hugtakinu *singularità* (ít.) eða *singularité* (fr.). *Ritstj.*]

9 [„Mergðin“ er þýðing á hugtakinu „multitude“ sem jafnframt er heiti bókar þeirra Antonios Negri og Michaels Hardt frá 2004. *Ritstj.*]

hægt að umbreyta í *mótunarafl*.¹⁰ Nánar tiltekið þarf baráttan gegn ríkisvaldinu, og gegn öllum þeim stofnunum sem starfa í umboði þess, að fela í sér nýja þekkingu og hæfni til að framleiða nýja gerð afls. Einn maður getur aldrei gripið eldingu með berum höndum; aðeins mergðin og saga stéttabaráttu og byltingar eru fær um það. En tengslin á milli sögulegra kringumstæðna og framleiðslu sjálfsverunnar eru síbreytileg. Eins og ég nefndi áðan er þetta einn helsti vettvangurinn þar sem hin sífelldu hamskipti á persónuleika verkamannsins eiga sér stað. Hin *tæknilega* samsetning vinnuaflsins er á stöðugri hreyfingu og er því í samræmi við framleiðslu sjálfsveru sem er síbreytileg en alltaf hæfileg. Hún er einstök. Þetta er *pólitísk* samsetning sem þarf að endurheimta áþreifanleg form við sínar sögulegu aðstæður, form sem tjá óskina um byltingu.

Nú geta framleiðsla sjálfsverunnar og hin nýja pólitíska samsetning einnig verið forboðar um þær sögulegu og félagslegu aðstæður sem byltingarferlið er byggt á. Þó er alltaf til staðar díalektísk tenging á milli hinnar efnislegu fyrirætlunar og hinnar byltingarkenndu spennu sem er einkenni sameiginlegrar löngunar. Þetta er eins konar teygja sem gæti slitnað hvenær sem er, en hún er ekki síður mikilvæg fyrir því. Eins og Lenín sagði er tvíþent vald alltaf skammlíft, en uppreisnarafl hefur knappan tíma til að sjá fyrir þróun sjálfsverunnar. Mótunaraflíð er lykillinn að því að sjá fyrir og raungera uppreisnarviljann gegn ríkisvaldinu.

Í hefðbundnum kenningum um ríkisvald eru stjórnleysi og alræði sitt hvort öfgaformið á veraldlegum yfirráðum. En þegar við tölum um *kommúníókt lýðræði* sem er andsnúið ríkisvaldinu gerum við ekki ráð fyrir að sá kostur sé mögulegur millivegur milli stjórnleysis og alræðis, heldur viljum við komast út fyrir þann valmöguleika, því baráttan fyrir byltingu hefur nú ekki einungis ekkert „utan við“, heldur hefur þetta „innan í“ sem hún skilgreinir yfir niðurrífsafla að ráða, nánar tiltekið býr hún yfir „neðan frá“ sem er andstæðan við „ofan frá“ eins og það kemur fram í ríkisvaldinu. Það er út frá þessu „neðan frá“, út frá umbreytingu sífelldra óska yfir í tjáningu afls og annars konar innihalds, sem viðhorf kommúnista mótast. Þannig

10 [„Mótunarafl“ er þýðing á *potenza costituente* (ít.) eða *constituent power* (e.) sem er lykilhugtak í andófsvísindum Negrís. Hugtakið vísar til möguleikans á sköpun og umbreytingu sem aðeins afl eða kraftur felur í sér. *Ritstj.*]

getur einnig orðið bylting, líkt og Gramsci kennir okkur, „gegn *Auðmagninu*“.¹¹

3) Að vera kommúnisti þýðir að byggja nýjan heim þar sem búið er að úthýsa efnahagslegu arðráni og undirokun ríkisvaldsins. Ef við leggjum upp frá þeim aðstæðum sem við búum við núna, það er að segja út frá þeirri sögulegu niðurstöðu sem er okkar núverandi ástand, hvernig getum við fært okkur í átt að því að uppfylla kommúnismann? Í fyrsta lagi má segja að þessa nauðhyggju sé eingöngu hægt að rjúfa og yfirvinna með því að smíða afl sem er sterkara en vald þeirra sem stjórna okkur núna. En hvernig förum við að því? Eins og ég nefndi áðan virðist hið pólitíska rof nauðsynlegt þegar vanþóknun og höfnun, andóf og barátta, eru búin að framleiða mótunar afl sem vill komast í framkvæmd. Það er hins vegar ekki öðruvísi en með valdi sem þessar framfarir geta orðið og þetta rof verður mögulegt. Leiðin liggur frá verkföllum, skemmdarverkum á vinnuvélum, sjóræningjastarfsemi og niðurrifi forræðiskerfa, frá flóttu og hreyfanleika innflytjenda, til uppþota, uppreisna og áþreifanlegra birtingarmynda annars konar valds: þetta eru fyrstu þekkj-anlegu merkin um sameiginlegan byltingarvilja. Þessi umskipti eru nauðsynleg – það er á augnabliki niðurrifsins sem hið kommúníska ímyndunar afl nær hámarki. Hærrí laun í stað misnotkunar á vinnu-afl, almenn framfærsla í stað fjármálakreppu, lýðræði fyrir alla í stað alræðis: allt sprettur þetta upp af sögu sem framleiðir mótunarvilja. En þetta dugir ekki til, jafnvel þótt orsökina sé ónóg er hún ekki síður áriðandi, ekki síður nauðsynlegt skilyrði. Þetta dugir ekki til því án samtakamáttarins verður engin bylting. Nákvæmlega eins og upp-hafning atburðarins dugði ekki til, beiting goðsagna eða dularfull skírskotun til hins nakta líkama, til fátæktarmarka sem sett eru til höfuðs alnánd kúgunarinnar – ekkert af þessu dugir til, því það er enn ekki til neitt rökrænt snið sem umlykur augnablik niðurrifsins og blandar þeim við mátt skipulagsins.

„Cupiditas, qua ex ratione oritur, excessum habere nequit“:¹²

11 [Hér er vísað til ritgerðar Antonios Gramsci, „Byltingin gegn *Auðmagninu*“ en þar rökstuddi hann að októberbylting bolsévika hefði einnig falið í sér ‘byltingu’ gegn þeirri efnahagslegu nauðhyggju sem lesa má út úr kenning-um Marx í *Auðmagninu. Ritstj.*]

12 Spinoza, *Ethics* (hluti IV, setning LXI), New York: Dover, 1959, bls. 229.

Sú þrá sem vex af skynseminni getur ekki verið óhófleg, eins og Spinoza minnir okkur á, og með þessum orðum svipti hann burt öllum skilgreiningum á þeirri löngun til möguleikans sem stöðvast við tiltekin mörk (sem eru hlutlæg, að því er talið er). Það sem ég á við er að þegar við rökræðum og prófum þessi mörk kemur engin markhyggja við sögu, engin söguspeki heldur eingöngu sameiginleg löngun sem hleður upp sinni skipulögðu ofgnótt með afli, eftir því sem líður á baráttuferlið. Þetta er með öðrum orðum ofgnótt kommúnismans samanborið við hina dauflegu og endurtekningasömu sögu arðránsins. Af þessum sökum er kommúnisminn nær okkur nú (sem þýðir þó ekki að hann sé handan við hornið): hann er nær okkur vegna þess að umframvinnan sem er dregin út úr vinnuaflinu (sem breytist með hinum hugrænu hamskiptum) er þýdd með miklum erfiðismunum, nánar tiltekið er oft ómögulegt að breyta henni í þá umframframleiðslu sem kapítalistar vilja breyta í gróða. Hugræn vinna er skelfilega illmeltanleg fyrir auðmagnið. En, líkt og sumir hafa fullyrt, er ekkert sem bendir til þess að tengslin á milli hugrænnar ofgnóttar og hins kommúníska verkefnis séu til komin vegna andófs- eða byltingarhreyfinga mergðarinnar. Satt er það. Athugum þó að sögulega efnishyggjan og hið íverandi byltingarferli bera vott um sjálfsveru sem er andsnúin auðmagninu og fjölda einstakra þátta sem mynda saman andkapítalískt afl, ekki sem formlegur stjórn-málaflakkur, þroskuð og fullgerð samtök, heldur sem mótspyrna, og hún verður sterkari og skýrari eftir því sem þessi mergð er stærri *heilð einstakra stofnana* í sjálfu sér. Hér á ég við lífsform, baráttuform, efnahagsleg samtök og verkalýðsfélög, verkföll, rof á félagslegum arðránsferlum, endur-eignaupptöku og andófshögg. Stundum eru þessi fyrirbæri afleiðing þess að sigrar vinnast í viðamiklum átökum um málefni sem eru mikilvæg fyrir hið kapítalíska regluverk þjóðfélagsins. Stundum verða ósigrar í svona átökum, en niðurstöðurnar fela þó í sér einhverja andstöðu, leifar af nýjum tegundum sjálfsgervingar. Mergðin er hópur stofnana sem breyta um pólitíska samsetningu frá einu skeiði til annars, í samhengi við magn og breytileika valdatengsla. Þessar stofnanir eru ekki bara frumatriði tæknilegrar samsetningar verkalýðsins og ekki bara tilviljanakennd og/eða tímabundin samtök hinna kúguðu, heldur raunveruleg augnablik pólitískrar endursamsetningar og afurð úr niðurrífsframleiðslu hinnar kommúnísku sjálfsveru. *Cupiditates!* Til að mynda: Mörg og

mismunandi tengsl á milli tjáningar frelsunarvilja (frá launabaráttu, félagslegum hreyfingum, pólitískri framsetningu) og kröfunnar um pólitískar og/eða efnahagslegar umbætur. Frá þessu sjónarhorni og í hinu lífpólitíska nútímasamfélagi eru tengslin á milli *umbóta* og *byltingar* ekki lengur þau sömu og þau voru í iðnaðarsamfélögum. Breytingarnar sem hafa átt sér stað eru umtalsverðar og við getum auðveldlega sannreynt þær með því að kanna hin almennu lögmál um það hvernig *stjórnunarbáttum* er beitt í framkvæmd fullveldisins, í ljósi þess hvernig hefðbundin stjórnarform eru nú að veikjast. Straumarnir, kraftarnir og breytingarnar sem stjórnunartengsl í síð-iðnaðarsamfélögum hafa í för með sér bera vott um nýtt form þar sem árekstrar á milli félagasamtaka og ríkisstjórna leiða til ólíkrar útkomu. Þeir eru þó alltaf til marks um það hvernig bakhjarlar baráttunnar, samtök um mögulegar umbætur og undirróðursátök sem móta og tjá mergðina, eru að margfaldast. Hér byrjar að glitta í nýjar *stofnanir hins sameiginlega*.¹³

Þetta ferli hefst neðan frá. Það er hreyfing sem kemur upp með afli. Þetta er ekki díalektískt ferli, heldur einkennist það fyrst og fremst af viljanum til játunar. Þetta er ekki markhyggjuferli, nema við viljum afgreiða hið efnislega hugmyndakerfi Machiavellis og andófseðli þess sem siðferðilega og sögulega endanlegt. Ferlið sem mergðin er stödd í núna er miklu fremur *breytingaferli*. Það hófst þegar „einn skiptist í tvo“, þegar það byrjar að verða erfitt að breyta hugrænni umframvinnu verkalýðsins í gróða, eins og ég minnstist á áðan, og þessi umframvinna breytist í byltingarkennt umfram-magn. Þetta er ekki umbreyting frá einu skeiði til annars, frá einum framleiðsluhætti til annars, heldur umbreyting sem á sér stað innan mergðarinnar sjálfrar; hún birtist og verkar á netinu sem tengir hin mannfræðilegu hamskipti þegnanna við breytingar á sviði samfélags og stjórn mála, og þar með við hina mögulegu kommúnísku frelsun. Við búum í samfélagi sem er orðið algjörlega undirlagt af auðmagninu. Við köllum þessi yfirráð *kapítalúkt lífvald*. En þótt lífvaldið leiði af starfsemi auðmagnsins, jafnvel núna þegar forræði þess er hnattrænt, þarf samt að byggja það á tengslum: tengsl auðmagnsins, sem eru ávallt mótsagnakennd og jafnvel fjandsamleg, eiga sér stað

13 [Hið sameiginlega (e. *the common*) og mótun stofnana þess er eitt helsta viðfangsefni nýútkominnar bókar þeirra Negris og Hardts, *Commonwealth*, Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 2009). *Ritstj.*]

í hinu lífþólitíska rými, og þar með í rýminu þar sem lífið sjálft er undirskipað vinnu og valdið umlykur það að öllu leyti; en þetta er sömuleiðis rýmið þar sem andófið birtist og verkalýðurinn er nálægur í öllum þeim breytum þar sem félagsleg vinna fer fram; hið hugræna vinnuafli tjáir umframgildi og þar með verður mergðin til. Þessi mergð er ekki úrræðalaus, því öll þau ferli sem liggja um hana eru lýsing á stofnunum hennar, uppsafnaðri mótstöðu og því hvernig sjálfsverur verða til.

Líkt og ég nefndi áðan er mergðin summa af löngunum, andófsferlum, baráttu og mótunaraffli. Við þetta má bæta að hún er samsafn stofnana. Kommúnisminn er mögulegur vegna þess að hann er þegar til í þessari umbreytingu, ekki sem markmið heldur sem skilyrði. Hann er þróun einstakra þátta, tilgáta um þessa byggingu. Í hinni sífelliðu bylgju valdatengsla er hann spenna, tilhneiging, hamskipti.

4) Hvað er kommúnísk siðfræði? Líkt og við höfum þegar séð er það siðfræði baráttunnar gegn ríkisvaldinu, því hún þróast út frá vanþóknun á kúgun og höfnun á arðráni. Með samverkun vanþóknunar og höfnunar verður til næsta stig skilgreiningarinnar á kommúnískri siðfræði. Það er siðfræði andófsins, siðfræði hinnar sameiginlegu byggingar baráttunnar gegn útilokun og fátækt, gegn firringu og arðráni.

Þessi tvö grundvallaratriði (barátta og sameiginlegt andóf) leiða nú þegar inn á nýtt svið: svið þar sem við finnum heild einstakra þátta sem brjótast út úr einverunni og stefna að því að gerast mergð – mergð sem leitar að hinu sameiginlega gegn hinu einkalega. Er þessi vilji til marks um að lýðræðinu verði komið á? Í næstum þrjár aldir höfum við nú hugsað um lýðræðið sem stjórnun sameiginlegra gæða, það er að segja stofnanavæðingu ríkisvædds eignarnáms hins sameiginlega. Séum við að stefna að lýðræði nú á dögum þurfum við að hugsa um það á allt annan og róttækari hátt, sem sameiginlega stjórnun hins sameiginlega. Slík stjórnun gefur til kynna endurskilgreiningu rýmisins, sem verður alþjóðlegt, og endurskilgreiningu tímans, sem verður mótandi. Málið snýst þar með ekki lengur um að skilgreina samfélagssáttmála þar sem allt er allra og tilheyrir þar með engum: Allt er framleitt af öllum og tilheyrir því öllum.

Þessi breyting mun ekki eiga sér stað öðruvísi en í nafni samtakamáttar. Í gervallri sögu kommúnistahreyfinga hefur hugmyndin um

samtakamáttinn verið miðlæg, því samtakamáttur er sameiginleg mótstaða, og þar með stofnanaleg grundvallarregla, og þar með sjálfur kjarninn í myndun mergðarinnar. Kreppa nýfrjálshyggjunnar og einstaklingsmenningarinnar, eðlileg höfnun einverunnar hjá mönnum sem fæðast og alast upp í samfélagi, sú uppgötvun að einveran er dauði – þessi atriði birtast sem samantekið andóf gegn því að vera þvingaður til einveru á nýjan leik, líkt og aðþrengdur kapítalisminn reynir að gera við þegna sína samkvæmt siðfræði einstaklingshyggjunnar.

Að gera uppreisn gegn ríkisvaldinu, að vera herská í sameiningu og að framleiða stofnanir – þetta eru grunnstoðirnar þrjár í kommúnískri siðfræði. Það er augljóst að í þeim búa tvær undirstöðuástríður: annars vegar sú ástríða sem stefnir frá eðlislægum skorti og fátækt til vinnuafls og vísinda sem hafa verið leyst undan valdi auðmagnsins; hins vegar er það sú ást sem leiðir frá höfnun einverunnar til pólitískrar samsetningar hins sameiginlega (það er ekki tilviljun að trú, borgaraleg siðfræði og hvers kyns *nýaldar*-hugmyndafræði reyna að eigna sér þessar ástríður og gera þær dularfullar og hlutlausar). Það er með því að safnast saman, þróa sameiginleg form samvistar í andófi og skipulagningu sem mótunarafl kommúnismans öðlast tilvist. Þessi hugmynd um mótunarafl er óskyld þeim eðlislægu formgerðum sem auðmagnsið og ríkisvaldið hafa sett á laggirnar. Á þessu stigi minnkar öll samsvörun með krafti vinnuaflsins, tilkomu mergðarinnar og mótunarkröfum verkalýðsins annars vegar – og hins vegar kapítalísku valdi, hroka borgarastéttarinnar og þjökunarþrá ríkisvaldsins. Mótunarsíðfræði kommúnismans er nefnilega orðin mun djúpstæðari en áður og umlykur hina lífpólitísku vídd sögulegrar endursköpunar: ef stéttabaráttan mótar í raun hina sögulegu tilvist nær hún nú yfir alla skipan lífpólitísku útbúnaðar, í samræmi við nauðhyggjuna sem ríkir á okkar tímum. Hér hefur siðfræði kommúnismans snertifleti við stóru málefnið í lífinu (og dauðanum) og hún öðlast mikla reisn með því að birtast sem örlátt og skapandi eðli sem setur svip sinn á mátt hinna fátæku og tekur á sig mynd sem sameiginleg tilfinning ástar, jafnréttis og samstöðu.

Þar með erum við komin að augnablikinu þar sem hugmyndin um framkvæmd „skiptagildisins“ skýtur aftur upp kollinum. Þetta er skiptagildi sem er ekki lengur *fyrir utan* söguna heldur *inni í þeirri*

sögu sem baráttan skapar. Það er ekki lengur endurminning um náttúruna eða hugleiðing um hugsanlegt upprunaástand, og ekki heldur atvik í tíma eða skynjanlegur viðburður, heldur tjáning, orðaforði og framkvæmd. Það telst ekki undir neinum kringumstæðum vera sjálfsemd eða hugleiðing um þau áþreifanlegu einkenni sem er safnað saman og skotið inn í hið almenna, heldur blanda, sameign, fjölþætt blendingsformgerð, sigur yfir öllum þeim þáttum sem annars voru kallaðir sjálfsemd á þeim myrku öldum sem fóru á undan okkar tímum. Manngerðin sem verður til upp úr þessari siðfræði er marglitur Orfeus, fátæklingur sem sagan færir okkur nú aftur, ekki sem uppruna heldur ríkidæmi, ekki sem eynd heldur væntanlega löngun. Þannig má sjá hvert hið nýja notagildi er: það er *hið sameiginlega*. Það er innan þessara sameiginlegu aðstæðna sem við setjum mark á tilveru okkar og viljum sífellt losna úr ánauð með því að slíta þær úr tengslum við hina kapítalísku fírringu og yfírráð ríkisvaldsins. Notagildið er nú ekki eingöngu hið nýfengna form sem tæknileg samsetning vinnuafslins hefur öðlast, heldur líka sameiginlegur, pólitískur búnaður sem liggur samsetningu hins sögulega heims til grundvallar. Þessi búnaður hins sameiginlega er nú að opnast svo mögulegt verður að semja leiðbeiningar um skipulag baráttunnar og koma reglu á aflið sem getur eyðilagt yfírráð og arðrán kapítalismans.

Hjalti Snær Ægisson þýðði